

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. janúar 2025 í máli nr. 86/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Heiðrún Björk Gísladóttir, Hildur Leifsdóttir og Hildur Ýr Viðarsdóttir.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 23. júlí 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 1.000.000 krónur auk vaxta.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 25. júlí 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi sem afhent var varnaraðila þann 18. október 2024. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af leigusamningi, staðfesting á greiðslu, afrit af skriflegum samskiptum aðila, afrit af kröfubréfi sóknaraðila, dags. 26. júní 2024 og afrit af tjónamati.

Með bréfi, dags. 14. janúar 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið af varnaraðila dagana 21. til 31. júlí 2021 og greiddi alls 343.399 krónur fyrir leiguna og tryggingar. Á leigutímabilinu varð tjón á umræddri leigubifreið þegar hún varð fyrir eldingu. Sóknaraðili var krafinn um greiðslu á 1.000.000 króna en að sögn sóknaraðila hafi hann talið sér skylt að greiða umkrafða fjárhæð. Varnaraðili hafi tjáð honum að tryggingar bílaleigunnar tækju aðeins til tjóns að hámarki 1.000.000 króna. Sóknaraðili hafi greitt umkrafða fjárhæð þann 4. ágúst 2021 án þess að kostnaðarmat vegna meints tjóns lægi fyrir. Í október 2021 hafi sóknaraðili haft samband við varnaraðila og óskað eftir staðfestingu á kostnaði viðgerðar. Í lok árs 2021 hafi sóknaraðili fengið sent kostnaðarmat frá [...] þar sem áætlaður viðgerðarkostnaður var metinn 1.998.225 krónur. Sóknaraðili telur að sér hafi verið óskilt að greiða umrædda kröfu og gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 1.000.000 króna ásamt vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. ágúst 2021 til 24. júlí 2024 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá 24. júlí 2024 til greiðsludags.

Sóknaraðili vísar í fyrsta lagi til þess að meginreglan um áhættuskipti leiði til þess að leigusali, sem í þessu tilviki sé varnaraðili, beri áhættuna ef leiguandlag spillist eða ferst af tilviljun á leigutíma. Tjón hafi orðið á leigubifreið vegna eldingar og því um að ræða óhappatílvik vegna náttúruaflla. Varnaraðili hafi ekki sýnt fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar eða ólögætrar háttsemi sóknaraðila. Þá bendir

sóknaraðili á að varnaraðili þurfi að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess. Í öðru lagi vísar sóknaraðili til þess að leiguskilmálar varnaraðila leiði ekki til þess að sóknaraðila beri að greiða bætur vegna tjónsins, enda komi hvergi fram að leigutaki skuli bera ábyrgð á óhappatilvikum. Í þriðja lagi byggir sóknaraðili á því að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt umfang tjóns síns líkt og gera verði kröfu um samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Framlagt kostnaðarmat sé dagsett fimm mánuðum eftir að óhappaatvikið hafi átt sér stað auk þess sem bilanagreiningu var ekki lokið þegar matið var framkvæmt. Sóknaraðili bendir á að kostnaðarmatið byggist á mögulegu tjóni sem gæti komið fram við frekari bilanagreiningar og því ekki um að ræða endanlegt kostnaðarmat sem sýni með öyggjandi hætti fram á raunverulegt umfang tjónsins. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að viðgerð hafi verið framkvæmd. Loks bendir varnaraðili á að engin gögn liggi fyrir í málinu um hvort varnaraðili hafi fengið greiddar bætur úr eigin vátryggingu.

#### **IV**

##### **Lagaumhverfi**

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

#### **V**

##### **Niðurstaða**

Sóknaraðili tók á leigu bifreið hjá varnaraðila dagana 21. júlí til 31. júlí 2021 og greiddi alls 343.999 krónur fyrir. Innifalið í verðinu var leiga á bifreiðinni í tíu daga og tvenns konar tryggingar, „Collision damage waiver“ og „Super collision waiver and twp“. Á leigutímanum varð bifreiðin fyrir eldingu sem orsakaði tjón á bifreiðinni. Varnaraðili krafði sóknaraðila um skaðabætur að fjárhæð 1.000.000 króna vegna tjónsins sem sóknaraðili greiddi þann 4. ágúst 2021 til varnaraðila.

Í október 2021 óskaði sóknaraðili eftir því að varnaraðili myndi sýna fram á endanlegan viðgerðarkostnað. Með tölvupósti, dags. 29. desember 2021, sendi varnaraðili sóknaraðila tjónamat frá [...], dagsett sama dag eða tæpum fimm mánuðum eftir að tjónsatburður átti sér stað.

Í framlögðu tjónamati [...] kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð sé að fjárhæð 1.998.255 krónur. Í athugasemdum með tjónamatinu segir m.a. að kostnaðaráætlun byggji á þeim kostnaði sem þegar liggur fyrir við bilanagreiningu ásamt því sem megi ætla að bætist við vegna áframhaldandi bilanagreiningar og útskiptum í rafkerfi. Þá kemur fram að áætlun byggji á sjónskoðun og áætlaðri varahlutabörð og sé því birt með fyrirvara.

Sóknaraðili gerði kröfu um endurgreiðslu á þeim skaðabótum sem sóknaraðila hafði verið gert að greiða þann 26. júní 2024 en kveðst ekki hafa fengið viðbrögð frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekun kröfunnar þann 2. júlí sama ár.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og byggir niðurstaðan því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Óumdeilt er að bifreiðin varð fyrir eldingu sem orsakaði tjón á bifreiðinni þegar sóknaraðili var með hana á leigu. Í hefðbundnum leigusamningum er meginreglan sú að leigusali ber áhættuna af því að leiguandlagið spillist af tilviljun á leigutímanum. Ef tjón á hinu leigða má rekja til saknæmrar háttsemi aðila er meginreglan sú að hvor aðila um sig ábyrgist það tjón sem hann hefur valdið. Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni. Varnaraðili verður einnig að sýna fram á að sóknaraðili beri ábyrgð á tjóninu vegna saknæmrar og ólögmetrar háttsemi sinnar og að orsakatengsl séu milli háttseminnar og tjónsins. Verði tjónið ekki rakið til athafna sóknaraðila verður varnaraðili að bera ábyrgð á því. Í málinu liggur ekkert fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi í raun greitt viðgerðarkostnaðinn sem tilgreindur er í tjónamati fyrirtækisins [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni, hvað þá aðra fjárhæð. Þá liggur ekkert fyrir um hvort viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni. Fyrirgreint tjónamat, sem varnaraðili aflaði einhliða, dugar að mati nefndarinnar ekki eitt og sér til þess að sýna fram á fjárhagslegt tjón varnaraðila, eða að því hafi verið valdið með skaðabótaskyldri háttsemi sóknaraðila.

Er það mat kærunefndarinnar að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á bifreiðinni. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 1.000.000 krónur frá sóknaraðila. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður fallist á að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila 1.000.000 króna sem sóknaraðili var krafinn um og greiddi vegna tjóns á bifreiðinni. Sóknaraðili gerir kröfu um vexti skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. ágúst 2021 til 24. júlí 2024 og með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þar sem krafa sóknaraðila er um endurgreiðslu, en ekki skaðabætur, ber krafan ekki vexti samkvæmt IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ekki hefur verið samið um vexti né leiðir þar af venju eða lögum. Ber krafan því ekki almenna vexti svo sem krafa sóknaraðila byggir á. Krafan ber dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Sóknaraðili gerði kröfu um endurgreiðslu þann 26. júní 2024 og reiknast dráttarvextir því frá 26. júlí sama ár, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

**V**  
**Úrskurðarorð**

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 1.000.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. júlí 2024 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Heiðrún Björk Gísladóttir